



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

20. maí 2020
Tilvísun: 2005036

Númer: 19/2020
Dreifibréf til lánastofnana

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um greiðslufrestanir á afborgunum lána sem eru framkvæmdar vegna COVID-19

Viðmiðunarreglur EBA um greiðslufrestanir á afborgunum lána sem eru framkvæmdar vegna COVID-19 byggja á skilgreiningum um vanefndir skv. 26. gr. reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja nr. 233/2017, sbr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR), og skilgreiningum um ívilnanir vegna flokkunar í FINREP í samræmi við viðauka V við reglugerð (ESB) nr. 680/2014, sbr. reglur um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, nr. 505/2017, með áorðnum breytingum.

Viðmiðunarreglurnar fjalla um þau skilyrði sem greiðslufrestun á afborgunum láns þarf að uppfylla svo lánveiting fjármálafyrirtækis teljist ekki vera í vanefndum eða hafa hlotið ívilnun, og leiði þar með ekki til endurflokkunar. Skilyrðin eru tíunduð í 10. tölul. viðmiðunarreglnanna, en í honum segir m.a.:

- Greiðslufrestunin þarf að grundvallast á lögum eða samræmdum sameiginlegum úrræðum fjármálafyrirtækja, t.a.m. fyrir tilstuðlan heildarsamtaka þeirra.
- Greiðslufrestanir þurfa að fela í sér sambærileg úrræði (e. similar payment relief measures) milli lánastofnana. Mismunandi aðferðir geta þó átt við um mismunandi flokka áhættuskuldbindinga eða lánþega.
- Greiðslufrestunin þarf að ná til breiðs hóps lánþega og má ekki takmarkast við lánþega sem voru í fjárhagserfiðleikum áður en COVID-19 faraldurinn hófst.
- Greiðslufrestunin breytir einungis greiðsluáætlun lánþega, þ.e. frestar greiðslum á höfuðstól eða vöxtum en felur ekki í sér annars konar breytingar á skilmálum láns.
- Greiðslufrestunin þarf að vera almenn ráðstöfun.
- Greiðslufrestunin nær ekki til nýrra útlána sem veitt hafa verið eftir að greiðslufrestunarúrræði hefur verið kynnt.
- Greiðslufrestunin þarf að vera veitt með skýrum hætti sem viðbrögð við COVID-19 farsóttinni.

Fjármálaeftirlitið beinir því til lánastofnana að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EBA, sem birtar eru á vefsíðu stofnunarinnar, og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLAEFTIRLIT



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Í samræmi við 17. tölul. viðmiðunarreglnanna þurfa aðilar sem styðjast við þær að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það og senda tilteknar upplýsingar til stofnunarinnar. Vegna þessa hefur Fjármálaeftirlitið þegar sent sértæka upplýsingabeiðni til viðeigandi lánastofnana til að kalla eftir þeim upplýsingum sem kveðið er á um í tölulið 17.e.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Elmar Ásbjörnsson
forstöðumaður
bankar

SEÐLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLAEFTIRLIT